

16/2 - 71

Skógarvörðurinn á Austurlandi - Sigurður Blöndal.

---

S T A R F S S K Y R S L A      F Y R I R      A R I D      1 9 7 0 .

---

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1970.  
mm

1. Væðurfar ársins.

Páll Guttormsson skrifar eftirfarandi tíðarfarsyfirlit um árið 1970:

I janúar var mjög umhleypingasöm tíð. Var úrfellið í þeim mánuði hið mesta síðan 1959. Samfelldur frostakafli var frá 1.-9. og væsta hvassviðri aðfaranótt hins 7. En svo skipti um tíð hinn 11. og var góðrviðriskaflinn frá 11. - 25. með lengri hlýindaköflum í janúar. Byrjuðu þá pingvíðir og loðvífir að opna blómhífar.

I febrúar voru lengst af stillur. Þó kom 9 cm snjór fyrsta daginn, er tók að frjósa, hinn 3.. Og brátt fyrir lágt hitastig í mánuðinum, jökst frostið í jörðu frekar lítið, er var því að pakka, að oftast var lygnt og snjórinna hlífði. Einnig var snjólag á jörð allan marzmánuð, mest 40 cm dagana 20. - 23. marz. I marz voru talsvert mikil svellalög á vegum. Þetta var 6. kaldi marzmánuðurinn í röð.

I apríl var svalt, en sérstaklega sólríkt fram að 20. Windátt var mjög breytileg, aldrei hvasst og oft löggn. Er vorleysing byrjaði 29. apríl, var þykkt frostsins í skóginum 18 cm, en 65 cm í græðireitnum.

I þessum maítmánuði var hæstur meðalhiti síðan 1964. Og kuldakafli kom ekki í mánuðinum. Er hitastigið hækkaði 27. maí, greri mjög ört. Brum á trjám tóku óðum að þrútna næstu daga þeir jafnt og vel. Brennísóley blómgaðist fyrr en venja er til. Hinn 19. maí var hún útsprungin.

Frá júníþyrjun fram að 13. var svalt á nöttunni og var hitastigið við jörð hinn 5. júní með því allra lægsta, er mælt hefir í júní. Hinn 6. fór hitinn hækkandi og varð júní í ár með þriðja hæsta meðalhita, síðan mælingar hófust hér (júní 1941 og 1953 voru með hærri meðalhita).

Hinna miklu purrka, er fylgdu suðvestanáttinni í mánuðinum, var talsvert farið að gæta fyrir vöxtinn, er kom fram um 20. júní. Næturnar 23. og 24. var áfall. En úrfellið var minna en áður hefir mælt í júní.

I júlí var lægsta hitastig, síðan mælingar byrjuðu. Vöxtur nytjagrðurs var mjög lítill vegna kuldanna. Stóð vöxturinn alveg í stað frá 1. - 12., að undanteknum þeim 4. Og svo frá 18. - 25. júlí. Þá var úrfellið óvenjumikið. Aðeins árið 1950 var það meira í júlí, síðan byrjað var að mæla.

Hinn 31. júlí tók að hlýna með suðlægri átt og héldust hlýindin óslitið til 9. ágúst. Vöxtur lerkisins í ágúst var um þriðjungur af lengd ársprotans í sumar. Fyrstu dagana í ágúst lengdist einnig ársproti hvítgrenis og sitkagrenis. Gildleikavöxtur trjátegunda, ekki sízt ársprota trjánna í ræktaðri jörð, var stutt á veg kominn í júlmánuði. Var sjónarmunur á birki á fáum dögum, er sprotarnir voru að gildna í góðu tíðinni í ágúst. En svo dró aftur úr jöfnum framförum á jurtum og ávöxtum á meðan hið lága hitastig varði frá 10. - 13. ágúst. En svo var aftur góð framför 19. - 27. ágúst, því að sólskin var alla daga petta tímabil og einnig hlýindi.

I september var loftið svalt og rakt og mjög litlar breytingar á hitastigi á nött sem degi fram að 20. sept. Um nöttina að 20. sept. kólnaði og féll þá kartöflugras. Úr því fór hitinn að verða töluvert hárr um miðjan daginn, sérstaklega 22. - 27. Var þá góð tíð fyrir grðurinn að búa sig undir veturinn. Úrfellið var mjög mikið í mánuðinum. Hefir aðeins árið 1945 verið meira úrfelli í september síðan mælingar hófust.

Lengst af í október var mild tíð, t. d. var meðalhitastig 9,8 stig 12. - 16.. Hinn 24. var mikil veðurbreyting, er vindur færðist

úr suðlægri átt til norðlægrar. Lerkinálarnar voru orðnar hér um bilar viku af október, en lerkið hélt nálunum fram að miðjum mánuði.

Austan og norðaustanáttin, er byrjaði í síðustu viku október, hélzt til 7. desember.

Það var snjór á jörð - mest 12 cm - mikinn hluta nóvembermán., er hlífði mjög mikil jörðinni. Þáði í september og október lagði mikinn bleytusnjóð utarlega á afréttir austanlands og á Austfjarðajallgarðinn.

I desember voru mikil hlýindi 7. - 13.. Voru þetta með heitustu dögum að vetri til, er komið hafa á mælingatímabilinu. Hinn 10. des. komst hitinn í 14,5 stig. Seinustu heitu dagana byrjaði loðvíðir á stöku stað að sprengja blómhlífar og þingvíðir allverulega.

Stillt, fagurt veður var og vægt frost í vikunni fyrir jólin og milli hátiðanna.

Frostið í jörð var í árslok 5 cm í skóginum og 25 cm í græðireitnum.

Tafla I. Hita-, úrkomu- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1970.

Mán- uður	Hitastig C			Úrkoma mm		Sólskinsst.		Fjöldi vaxtar- ein.
	Meðal- tal	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi		
Jan.	-0,2	+1,1	92,7	- 6,9	3,1	-	-	
Febr.	-4,0	-2,6	21,3	-45,6	26,8	-	-	
Marz	-4,2	-3,6	49,2	+ 7,2	64,6	-	-	
Apríl	0,0	-1,5	17,3	-22,0	154,5	+23,8	-	
Mai	5,7	+0,3	40,4	+17,1	159,5	+21,6	-	
Júní	11,2	+2,3	6,6	-22,6	261,6	+88,7	71,33	
Júlí	7,6	-3,2	100,1	+61,1	116,1	-58,3	42,94	
Ágúst	9,4	-0,4	44,3	+ 5,8	170,7	+47,1	60,11	
Sept.	6,6	-0,6	89,1	+38,1	68,0	-25,0	-	
Okt.	3,2	-1,0	52,8	-12,0	37,0	-	-	
Nóv.	-0,7	-2,0	84,1	+ 2,9	8,3	-	-	
Des.	0,6	+1,5	69,4	-19,0	-	-	-	
Arið	2,9	-0,8	667,3	+ 4,1	1009,0	-	-	
Júní- sept.	8,7	-0,5	-	-	-	-	-	

Vik frá meðallagi hita og úrkomu er miðað við árin 1941-1969.

A sumrinu náðu aðeins 2 dagar 20 stiga hámarkshita: 17. júní komst hitinn í 21,3 stig og 18. júní í 21,7 stig. Lægstur hiti á árinu varð 8. janúar -18,7 stig.

I töflu II á bls. 3 eru tölur yfir lágmark hitans á tímabilinu 20. maí til 20. sept. og taldir allir dagar, er hitastigið fór undir frostmark við jörð.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

### a. Laufgun og lauffall.

Birkiskógrinn taldist allaufgaður 11. júní. Var það í rauninni merkilega seint, þar eðlilegum tólfarfar hafði þá verið ákaflega hlýtt lengi. En vafalaust hefir hinn mikli burrkur valdið þessu.

Um 20. sept var birki farið að gulna nokkuð og féll mjög í hvassvirði 27. sept. Hinn 6. okt. var mest lauf fallið og nálar á lerki fafnar að falla aðlmikið.

### b. Vöxtur.

A lerki var vöxtur góður, ekki miklu lakari en 1969. Algeng

Tafla II. Hitastig undir frostmarki við jörð 20. maí til 20 sept. '70.

Mánuður	Dagur	I mælaskýli	Við jörð
Maí	21.	-0,6	-1,3
"	22.	-1,7	-2,5
"	25.	0,2	-0,7
"	26.	-0,6	-1,2
"	30.	0,3	-2,5
"	31.	0,4	-2,7
Júní	1.	1,7	-2,5
"	5.	-2,0	-5,3
"	8.	3,9	-0,5
"	9.	4,6	-1,0
"	10.	2,6	-0,6
"	11.	2,8	-0,2
"	12.	2,1	-1,0
Júlí	3.	0,1	-2,9
"	5.	1,9	-1,2
"	25.	0,3	-1,5
"	26.	1,6	-0,4
Agúst	10.	0,7	-2,1
"	17.	-0,3	-2,2
"	18.	0,7	-2,1
"	20.	1,1	-1,3
Sept.	12.	2,0	-1,8
"	13.	2,5	-0,3
"	18.	3,7	-0,3
"	20.	-1,9	-4,1

sprotalengd var 30-50 cm. Þótt júlí væri svo firnakaldur sem raun varð á, bjargaði júní vextinum, og raunar var ágúst ekki svo slæmur heldur, að þá óx mikið, eins og Páll Guttormsson tók fram hér á undan.

A greni og furu var vöxtur nú betri en í fyrra.

#### c. Fræfall.

Nú var nær ekkert fræfall á birki og aðeins safnað um 2 kg af birkifræi. Af broddfuru voru aðeins tíndir 40 könglar.

#### d. Skaðar.

Skaði á lerki af völdum Potebniamyces coniferarum var mun minna áberandi en undanfarin ár.

Um miðjan júní kom allískyggileg árás grasmaðks á ungt lerki í Mjóaneslandi. Át hann nálarnar af nýju sprotunum. En þetta stóð stutt, því að sjófuglar settust á blettinn, þar sem maðkurinn herjaði mest, og komu honum fyrir kattarnef.

#### 3. Starfsfólk.

Vinnustundir og kaupgreiðslur á árinu voru sem hér segir:

Vinnustundir alls í tímavinnu	23.730	kr.	2.034.932,10
Akvæðisvinna	.....	"	99.446,50

Fæðispeningar	.....	kr.	2.134.378,60
		"	42.034,00

Alls kr.	2.176.412,60
=====	=====

Af þessari upphæð var vinnusala kr. 122.719,50. Af heildarupphæðinni voru 1.401.165,80 kr. greiddar fólk, sem býr í Valla-

hreppi, eða 64,5%, en 123.027,10 kr. eða 5,6% Fljótsdælingum vegna vinnu við framkvæmdir í Fljótsdal.

Flest fólk var í júní, 31 þegar flest var.

Verkaskipting okkar Páls Guttormssonar var hin sama og áður. Eftir áramót lauk hann við að fara yfir lerkiteigana, sem skemmt höfðu í vorhretinu 1964 og í júlístorminum 1966. Auk þess vann hann lítils háttar að áburðargjöf í skóginum.

Ingibjörg Sigurðardóttir var ráðskona 12. sumarið í röð.

Gunnar Guttormsson hagræðingarráðunautur frá Hallormsstað sí um ákvæðisvinnoplöntun eftir 17. júní og gerði fyrir okkur vinnusundurliðun á birkingu og yddingu með yddingarvélinni norsku, auk þess sem hann vann við að koma á stað verkinu við ósun ~~bj~~kistaura með Basiliti.

Halldór Sigurðsson á Miðhúsum sí um plöntun með Norðmönnum í ágúst.

Hér var í rúmar 5 vikur á vegum skógræktarstjóra bandarískur piltur, Andy Chrisler að nafni.

Stúlkur komu til vinnu í Mörkinni 21. maí og hófst þá vinna í græðireitnum. Er þetta viku fyrr en 2 undanfarin vor.

#### 4. G i r ð i n g a r .

Vinna við girðingaviðhald varð nú miklu meiri en nokkru sinni fyrr. Kostaði hún nær 56 bús. kr., en var áætluð 40 þúsund. Munaði þar mestu, að leggja burfti mikla vinnu í Jörvíkurgirðingu, en þó hvergi nærri eins og burft hefði, því að þar þarf nú að endurnýja staura að verulegu leyti. Það virðist nú einsýnt, að við höfum farið of hátt til fjalls með girðinguna í Jörvík. Kemur mjög til álita að færa hana neðar í hlíðina. Næsta vor verður að staura alla girðinguna upp.

Sama er að segja um elzta hluta girðingarinnar á Hallormsstaðabjargi, sem er nú orðinn 15 ára gamall. Nú þarf að staura hann upp. Í haust var 300 fúavörðum staurum ekið upp á fjall, en jörð fraus svo snemma, að ekki var neitt rekið niður af staurum í haust.

Mikið var styrktur kaflinn ofan við Hafursárbæinn, en þar var gamalt og lélegt net. Var þarna bætt inn í miklu af staurum.

#### 5. S k ó g a r h ö g g .

Sl. vetur jókst enn skógarhögg. Félru nú 350 tonn af birki. Var vigtæð á sama hátt og veturinn á undan.

Skógarhöggjóð hófst 19. janúar og stóð óslitið allan veturinn fram í fyrstu viku maí. Í apríl var mest fellt bannig, að farið var með keðjusög yfir svæðin og ekki afkvistað. Tókst á pennan hátt að komast yfir stórvæði.

Mestan pennan tíma voru 3 menn með sagir og aðrir 3 að afkvista og drag viðinn út og aka honum þangað sem hann var kurlaður.

Afkivistun og útdráttur hélt áfram allan maí og fram í byrjun júní og var þá hvergi nærri lokið. Hófst vinna við það aftur seinni part júlí og stóð um mánuð, unz allur viður var að vegi kominn.

Kurlun stóð yfir allt sumarið og unnu 2 menn við hana fram í byrjun september. Voru það 1 fullorðinn maður og 1 15 ára unglingsur, sem var handlangari. Sama er að segja um birkingu á staurum. Við hana var unnið allt sumarið fram í september og því næst allan nóvember-mánuð og var ekki lokið yfrr en vinna hófst í jólatrjám viku af desember.

Við gerðum þá skyssu að hafa bara einn mann í birkingu og yddingu á staurunum. Verkið sóttist seint hjá honum, þótt ákvæðisvinna væri. Þarna hefðu þurft að vera tveir menn, ~~þær~~ staklega þar sem sýnt er, að staurayddarinn hentar mjög illa til ~~bj~~irkingsar.

Pessi svæði voru höggvin:

a. Grisjaður ungur birkiskóður frá Ormsstaðalóni milli Borgar-

gerðisáss og Fljótsins út að grafningi framan við Kvíaklett. Á þessu svæði er hugmyndin að láta birkiskógin standa, enda er hann allbeinvaxinn.

b. Felldur skermur ofan af öllum plöntunum í Lýsishól til 1956.

c. Grisjaður skermur ofar í Lýsishól ofan af plöntunum frá 1966 og 1967.

d. Grisjaður skermur yfir plöntunum í Stórhól ofan Selvagar.

e. Grisjaður skermur í Partinum í Mylluhvammi og uppusdir Prestaker, eða svo langt sem plantað hefir verið þar, og felldur allur skermur ofan af plöntunum frá 1959 í Partinum. Í Partinum er þá aðeins eftir einn greniteigur, sem skermur hefir ekki verið grisjaður yfir.

Kostnaður varð:

a. Öll vinna með kjarrsög flokkast undir "hirðing" (nr. 104) og nam kostnaður við hana 43.400 kr.

b. Vinna við skógarhögg kostaði 300.900 kr.

c. Vinna við eldivið og staura kostaði 384.000 kr. Þetta er afkvistun, sem ekki er unnin með keðjusög, útdráttur, framkeyrsla, kurlun viðar og staura, birking og ydding staura, ósun, pokun á arinviði og lögrun á staurum og viði.

Varðandi síðasta atriðið er þetta að segja:

Nú eignuðumst við í fyrsta sinni myndarlegan lager af staurum og viði. Öllum staurum og pokuðum arinviði og allmiklu af lausum kurli er komið fyrir í gamla fjósinu og hlöðunni á Hallormsstað. Til þess að gera þetta kleyft, var rifið innan úr fjósinu, svo að þar er nú hin særilegasta geysmla.

Mikill kurlaður viður lá í haust undir berum himni og þar með undir skemmdum. Var það bæði arinviður og reykingaviður (50-60 cm langur). Mestöllum þessum viði hefir nú verið hlaðið upp í hrauka, svo að hann getur geymt árum saman óskemmdur, ef með þarf.

I júlí í sumar var byrjað að ósa staura með Basiliti. Kerinu var komið fyrir í hlöðunni á Hallormsstað. En kerið, sem við notum, er of lítið, tekur ekki nema um 75 svera staura. I veturn verðum við að smíða ker, sem getur tekið nokkur hundruð staura í einu. Geysilegur vinnusparnaður myndi verða að því.

A þessu ári hefir það sýnt sig, að við höfum ekki nærri nógu góða aðstöðu til þess að meðhöndla so mikið af kurli og staurum sem nú féll til. Við verðum að stefna að því að reisa svo fljótt sem unnt er mjög stóra bogaskemmu, aðr sem hægt er að koma allri þessari starfsemi fyrir á einum stað undir þaki.

Jólatré. Seld voru 1.302 jólatré og 213 kg af furugreinum. Af þessu fóru 856 tré með flugvélum til Landgræðslusjóðs í Reykjavík. Nokkur trjánna voru torgtré af sitkagreni, broddgreni og Douglasgreni og 3 stórir þinir voru sendir sem innitré til Reykjavíkur: I Norræna húsið, Tjarnarbúð og á Hótel Sögu. Stærst tréð, sem selt var að þessu sinni, var 5½ m blágrenitré, sem fór á Seyðisfjörð.

Flutningur á trjánum til Reykjavíkur reyndist auðveldur og til-tölulega ódýr. Hann kostaði tæplega 16 þús. kr. Voru trén send óþökk-uð og komust um 600 tré í eina Fokkervél. Trén voru felld sama dag-inn og þau fóru til Rvíkur og sett beint á bíl úr skóginum. Umstang var sem sagt eins lítið og hugsanlegt var. Veður og færð var eins og bezt varð á kosið.

Vinna við jólatrén kostaði um 47 þús. kr.

Að þessu sinni var sá galli á jólatrjánum, að þau voru of gul. Má vafalaust kenna um veðurfari sumarsins. Þetta sýnir, að fylgjast þarf betur með litnum seinni part sumars. Með því að skella áburðarskammti seint í ágúst ætti að vera hægt að tryggja góðan lit á trjánum.

Sala á eldiviði og staurum 1970 nam 262.588 kr., en sala á jólatrjám og greinum 281.595 kr. Girðingarstaurar til eigin nota kost-uðu auk þess 21.235 kr.

Skógarfurðir voru þannig seldar fxrkk og afhentar til eigin

fyrir 565.418 kr. á árinu 1970, en innifalinn er þá söluskattur á jólatrjám. Þetta er aukning frá fyrra ári, er nemur 247.667 kr.

Tafla III. Viðarsala á Hallormsstað 1970.

1. Staurar:				
B2 birki .....	2.782	stk.		
B3 " .....	1.335	"		
B4 " .....	361	"		
Styttur .....	840	"		
2. Arinviður .....	734	pokar ca. 26	tonn.	
3. Reykingaviður .....			4	"
4. Blómasúlur .....	204	stk.	3	"

Tafla IV. Staura- og viðarbirgöir árslok 1970.

Stærð	Hálfbirkir og yddir	Albirkir og yddir	Fúavarðir	Alls
B1	-	-	57	57
B2	852	1.405	1.180	3.437
B3	245	1.887	248	2.380
B4	-	327	-	327
Styttur	-	1.232	-	1.232
Alls	1.097	4.851	1.485	7.433

  

Birgöir frá fyrri árum:				
B2 lerki	-	84	-	84
B3 "	-	13	-	13
B3 birki	-	69	-	69
B4 "	-	139	-	139
Styttur	-	104	-	104
Alls	-	409	-	409

Auk þessa eru 144 pokar af arinviði, margir ~~stakkar~~ hlaðar af arinviði og reykingaviði, svo sem áður var sagt, en erfitt er að meta, hve mikið magn er, og ómælt magn af arinviði ósekkjuðum er í hlöðu.

Söluverð þeirra birgða, sem inni eru, nemur um 270 þús. kr. auk kurlsins. En verðmæti kurlsins í hlöðu og hlöðum getur þó aldrei verið minna en eitthvað á annað hundrað þús. kr.

6. Grðarfarsstöð.

a. Fræplöntur.

Vorsáning nam 690 m<sup>2</sup>, sem er allmiklu meira en um langt skeið. Við talningu reyndust 1/0 plöntur vera um 558 þúsund, 2/0 plöntur 302 þús. og 3/0 plöntur 17 þúsund.

I ~~þal~~sthúsið var sáð lerki og birki. Lerkið vantaði aðeins herzljumun á að vera nóg stórt til dreifsetningar - það verður að dreifsetjast á miðju næsta sumri - og birkið var allgott, en þó lakaða en árið áður.

Vinna við fræplöntur kostaði 94.400 kr.

b. Dreifplöntur.

Dreifsettar voru 250.400 skógarplöntur. Þar af var lerki 90.000. Stóðst nú alveg talning dreifsetningarlerkisins frá haustinu áður.

Veruleg vanhöld munu hafa orðið á stafafuru eftir dreifsetningu, sem stafaði af bruna frá húsdýraburði, sem borinn var í reitinn.

Vinna við dreifplöntur kostaði 81.800 kr.

c. Garðplöntur.

Dreifsettar voru 5.250 garðplöntur og 7.570 græðlingar, þar af 1.000 sumargræðlingar. Af þessu dreifsetta magni var nú dálitið af ~~fremur~~ fremur verðmætum runnum. Er runna=ræktin hjá okkur nú lokt að komast í ofurlítið horf, enndu ástæða til að ætla, að aukning verði nú í garðplöntusölu hér eystra þegar í vor.

Vinna við garðplöntur kostaði 103.100 kr.

Afhentar garðplöntur voru 5.232, þar af 645 stk. til eigin nota á Ormsstöðum og hér heimavið.

Nettósala á garðplöntum nam 159.000 kr., en verðmæti garðplantna til eigin nota nam 68.300 kr. Verðmæti allra afhentra garðplantna nam því 1970 227.324 kr. fyrir utan söluskatt og fragtgjöld.

d. Afhending plantna.

Afhentar voru 134.905 skógarplöntur og 40.000 dreifsetningarpl. til annarra stöðva.

Salan hér heimaða skógarplöntum nam 203.437 kr., en heildarverðmæti skógarplantna úr stöðinni nam 501.487 kr., þegar sölusk. og fragtgjöld hafa verið dregin frá. Dreifsetningarplöntur til annarra stöðva hafa ekki verið færðar á nótum að þessu sinni.

Heildarverðmæti ~~xxkk~~ afhentra skógarplantna og garðplantna úr stöðinni árið 1970 var þannig 728.811 kr.

e. Annað.

Ekið var í reitinn 28 bílhlössum af sandi, 6 bílum af húsdýraburði og 6 bílum af móbold.

Allur vinnukostnaður, færður á stöðina á árinu, nam 703.000 kr., en annar skostnaður, eins og t.d. á liðunum "vörur til gróðrarstöðva" og "áburður til gróðrarstöðva" eru ekki nema 20 þús. kr. Allur ksotnaður var áætlaður 700 þús. kr. Verður því að telja, að gróðrarstöðin hafi vel staðizt, miðað við hinum miklu verðhækkanir á árinu.

7. Gröðursætning.

a. Yfirlit og áætlun.

Vorplöntun var áætluð 50.200 plöntur á Hallormsstað, í Mjóanesi og Jórvík. Horfið var frá Jórvíkurplöntun, en á Hallormsstað og í Mjóanesi var plantað 50.800 skógarplöntum í júní. Auk þess var plantað á Ormsstöðum, við Akurgerði og neðan við bæinn á Hallormsstað 646 garðplöntum.

Tildög þess voru þau, að í fyrra var rutt svæði á Ormsstaðamýrum í því augnamiði að planta þar ösp, þar eð svo mikil var til af stórum og fallegum asparplöntum (2-3 m á hæð), er sýnt þótti, að ekki myndu seljast. Voru í desember grafnar með gröfu holur fyrir aspirnar. Var þeim síðan plantað þar í vor með miklum húsdýraburði - og miklum tilkostnaði, sem jókst fyrir þá sök, að vatn sat uppi í holunum, en frost var ei farið úr jörð. Var þetta allt geysimikið verk.

Öspunum var plantað með 4 m millibili. Milli tveggja asparraða var í tilraunaskyni unnin spilda með jarðtætara og síðan plantað í plöggfar ýmsum afgöngum af garðplöntum úr Mörkinni, sem geta orðið finar plöntur eftir nokkur ár annað hvort sem jólatré eða garðplöntur með hnaus.

Tafla V. Flöntun á Hallormsstað, Hafursá og Miðanesi 1971.

Tegund	Kvæmi	Aldur	Hafursá	Mjóanes	Ormsstaðir	FUR	SLL	HLL	Akurgerði Hallormsst.	Alls
Fjallabirkki	Skillingst.	3/2	800	-	-	-	-	-	-	800
Gráfelri	Næröy	2/3	1.200	-	30	-	-	-	-	1.230
Rauðgreni	Afj.-Sörli-	2/3	-	-	220	7.830	-	-	-	8.050
	Norli	3/3	-	-	-	-	-	-	-	8.575
Rauðgreni	Trysil	2/3	-	-	-	-	-	-	-	10.000
Rauðgreni	Vaglir	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Picea glauca	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
porcata	Rosa Creek	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Bergfura	Haut confl.	3/0	-	-	-	-	-	-	-	-
Stafafura	Skagway	3/2	-	-	-	-	-	-	-	-
Rússalerki	Arkangelsk	2/2/3	-	-	-	-	-	-	-	-
Rússalerki	Raiwola	2/2	-	12.870	-	-	-	-	-	-
Síberíulerki	Altai	2/2	-	15.075	-	-	-	-	-	-
Gærðlöntur:	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Alaskaösp	2-3 m	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Fjallapinur	50-100 cm	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Lindifura	40-50 cm	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Sitkagreni	50-100 cm	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Blágreni	50-100 cm	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Alls	-	-	2.000	27.945	790	11.530	8.325	18.575	980	70.145

b. Plöntunartími.

Asparplöntun við Akurgerði hófst 21. maí og lauk neðan við Hallormsstaðabæinn 28. maí. Asparplöntunin á Ormsstöðum tók 2 daga og var fjöldi manns við það verk.

Því næst var plantað garðplöntum á Ormsstöðum, en að því loknu hófst plöntun í skóglendi, fyrst fjallabirki og gráelri í Hafursárlandi við Freyshólalæk, en síðan fura og greni í Flataeskógi. Hélt svo fram óslitið, unz lerkiplöntun lauk í Mjóanesi 24. júní.

Hinn 25. og 26. júní var svo plantað á Víðivöllum í Fljótsdal, alls 8.100 lerkiplöntum.

Norðmannaplöntun fór svo fram dagana 6. - 13. ágúst. Fór hún fram rétt ofan við Mörkina, sumpart á plægðri myri, og er fyrirhuguð sem jólatrésplöntun.

c. Kostnaður.

Heildarvinnukostnaður við vorplöntun á skógarplöntum varð 90.000 kr., sem er 1,79 kr. á plöntu. Miðað við aðstæður getur það talist bærilegur árangur, því að plantað var á allmögum stöðum og eltir skæklað víða.

Vinnukostnaður við Ormsstaðaplöntun og aðra asparplöntun varð hins vegar 27.500 kr., en þar í er talsverður kostnaður frá desember sl. við holugröft og annan undirbúning.

A Norðmannaplöntun verður ekki lagður venjulegur kostnaðarmælikvarði.

8. Hirðing plantna.

a. Kjarrhreinsun.

Teinungur var hreinsaður með kjarrsög í Stórhól og Mylluhvammi og enn fremur kemur grisjun ungskógarins við Dýás með kjarrsög undir pennan lið. Það voru því allveruleg svæði, sem hreinsuð voru.

b. Áburðargjöf.

Kjarni var borinn á rauðgreni í einum teig í Stóraskógi.

c. Snyrtинг á lerki.

Páll Guttormsson lauk yfirferð sinni yfir lerki fram að 1959. Samkvæmt ráði Finn Roll-Hansens prófessors á Así, verður nú að hætta þessu verki að vetrarlagi, þar eð sannað er, að Potebniamyces coniferarum getur farið inn um sár eftir greinaklippingu að vetrarlagi. Er það ákveðin ráðlegging Roll-Hansens aðgera þetta aðeins yfir vaxtar-tímann.

9. Vegagerð.

Nýir vegir voru ekki ruddir á árinu að heitið geti, nema hvað ýtt var úr nokkrum skurðruðningum í Inniskógi framan við Króklækinn, þar sem vegir verða. Nokkrir gamlar stígar voru lagfærðir. Gerð var ein renna á djúpan skurð, sem kemur í Króklækinn framan við Jónsskóg. Var þetta brýnt verkefni til þess að geta komið með traktor að einum lerkiteignum frá 1954, en hann verður grisjaður nú á þessum vetri.

10. Byggingar.

Ætlunin var að ljúka við að gera upp gamla húsið yfir flettisöginni. Óhjákvæmilegt var að hverfa frá því áformi, vegna þess hve staðraframleiðslan tók mikinn tíma og fé.

I þess stað var aðeins unnið að nauðsynlegasta viðhaldi:

Mörkin. Lokið var við að fara yfir glugga í steinhúsini. Ennfremur voru húsin að nokkru málud utan, en því varð þó eigi lokið vegna hinnar miklu úrkomu í júlí. Ofurlítið var málad þar inni, en þó minna

en um langt skeið.

Skógarvarðarbústaður. Lökuð voru beykigólfir á efri hæð hússins, útihurðir lakkaðar og tröppur settar í innganginn heim að húsinu.

Viðarbirgðageymsla. Svo sem að framan var greint, var gamla fjósið á Hallormsstað lagfært svo, að þar væri sæmilega aðgengilegt fyrir staurageymslu.

## 11. Vélar og verkfæri.

Fátt er um þetta að segja umfram venjulegt viðhald, nema hvað traktorvagninn var alveg gerður upp sem nýr. Var trébotninn í honum orðinn ónýtur. Settum við nú í hann járnbotn og er vagninn eftir það miklu betri. Kom þetta sér heldur betur, því að vagninn hefir aldrei verið notaður jafnmikið og þetta ár.

Vinna hér heima við allt viðhald véla, verkfæra, dráttarvéla og bifreiðar kostaði 90.000 kr.

## 12. Fljótsdalssástlun.

Hinn 25. júní var búið að loka Víðivallagirðingu, svo að plöntun gat hafist þar, svo sem áður var nefnt.

Eftir er enn að setja styttur í Víðivallagirðingu og ganga frá hliði. Að öðru leyti er hún fullgerð. Gekk verkið við hana mjög vel í júní og var prýðilega af hendi leyst undir stjórn Eiríks M. Kjerúlfss í Vallholti.

Fullkominn efniskönnun og lýsing er tilbúin af girðingunni eins og hún er nú, en ég geymi að birta hana fyrr en öllu er lokið.

I ágúst hófst vinna við girðingu, sem er sameiginleg fyrir Brekku og Hjarðarból. Hún verður 2 km á lengd. Sökum þess hve jörð fraus snemma í október, tóksfekki að ljúka jarðvinnu við girðinguna. Hins vegar var frágangi horna að miklu leyti lokið og staurun meira en hálfnúð og undirbyggingu lokið, enn fremur var búið að bora fyrir öllum staurum í klöpp.

Til stóð líka að byrja á og helzt ljúka við girðingu í Geitagerði, en á henni var aldrei byrjað. Hún verður hins vegar mjög fljótunnin.

Margt olli því, að minna var unnið í Fljótsdal en áformáð var. Óþurrkar drógu heyskap á langinn fyrir bendum, óhagstæður gangnatími að þessu sinni ódrygði hausttímann fyrir þeim. En mestu olli kannski um slys, er Eiríkur Kjerúlf lenti í, svo að hann var lengi frá verkum, og þar á eftir skyndilegur dauðagi Jóns M. Kjerúlfss, bróður hans, sem frá upphafi var mestur stuðningsmaður hugmyndarinnar um bændaskóga í Fljótsdal.

Við vóumst til, að á næsta sumri verði hægt að rétta þann halla, sem varð á framkvæmdunum sl. summar.

Hjá járnsmið á Stöðvarfirði fékk ég mjög hagstætt tilboð um smíði á hliðum og létt hann smíða í einu 7 hlið komplett fyrir Fljótsdalsgirðingar. Kostaði hvert þeirra grunnumálað 10.500 kr.

Allur kostnaður, sem greiddur var hér á árinu 1970 vegna framkvæmda í Fljótsdal, nam 222.571 kr., þar af vinnulaun 126.306,50 kr.

## 13. Ymislegt.

### a. Bílastæði við Atlavík.

Dag nokkurn í sumar hrингdi til míni Jón Birgir Jónsson deildarverkfræðingur hjá Vegagerð ríkisins og bauð mér dálítla fjárhæð til bílastæðis við Atlavík.

Ég tók þessu bakkasæmlega. Varð það til þess, að við hófumst nú handa um þetta verk, sem við höfum lengi talið brýnt, en ekki lagt í fyrr. I fyrra hafði ég komið auga á svæði, þar sem gera mætti stórt bílastæði við Atlavík, en það er innan við Atlavíkurlækinn og neðan

þjóðvegar. Nær bílastæðið langleiðina niður að tjaldstæðunum í skóginum framan við Atlavíkurlækinn.

Jón Birgir létt okkur hafa í þetta 30 þús. kr. og getur kannski séð af meiru síðar.

I ágúst var svæðið ræst fram með skurðgröfu og í byrjun október var það ~~XXXXX~~ rutt og jafnað með jarðýtu og rör sett í skurði. Enn vantar samt nokkuð á rennur.

Svæðið er nú tilbúið til ofaníburðar. Við höfum ekki athugað nákvæmlega, hve mörgum bílum má leggja þar, en þeir verða sennilega 2-300. Hins vegar voru um 500 bílar, þegar flest var á Atlavík um verzlunarmannahelgina í sumar, svo að þetta nægir ekki, en möguleikar verða til stækkunar síðar í beinu framhaldi.

Vinnukostnaður við þetta nam 24.500 kr., gröftur um 7.500 kr., en ógreidd rör og ýtuvinna er um 28 þús. kr.

### b. Ferðafólk.

Ferðamannastraumur jókst enn, einkum erlendra. Hins vegar var naumast eins gestkvæmt í Atlavík og 1969, enda varla von, eins og veðrið var í júlí.

Skógarsamkoma var í Atlavík um verzlunarmannahelgina á vegum Skógræktarfélags Austurlands og Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands. Opinberlega var hún þó haldin í nafni SKAL eingöngu. Var hún sú fjölmennasta, sem haldin hefir verið síðan 1961. Fór hún hið bezta fram, enda veður fagurt.

Þrátt fyrir gífurlega peningaveltu á svona samkomu (1,3 millj. kr.), er ágóði ófélagslega lítill, eða ekki nema ~ 1-200 þús. kr. I óhagstæðu veðri hefði orðið ~~XXXXXX~~ stórtap. Skyldur á samkomum sem þessum aukast sífellt. Þannig var nú í fyrsta sinn innheimtur sölu-skattur af allri sölu og nam 110 þús kr. Nettólögreglugokostnaður var 90 þús. kr., án dómsmálaráðuneytið greiðir hinar 90 þús. krónurnar.

Ólafur Hallgrímsson kennari sá um Atlavíkina eins og að undanförun.

### c. Gestir Skógræktarinnar.

A þessu sumri sinnti ég skógargestum minna en um langt skeið. Fór t.d. aldrei með venjulegum turistahópi útlendinga. Það er að verða útilokað að eyða öllu sumrinu í þetta, þegar maður á að heita verkstjóri í skóginum og kemur ekki í verk helmingnum af nauðsynlegum og óhjákvæmilegum verkum, sem einmitt þarf að sinna um hásumarið.

Eg nefni eftirtalda aðilja, sem sýnt var um skógin:

- 14-16. apríl. Per Öien frá Skogforsøksvesenet, Vollebekk, Noregi.  
25. maí. Matthías Eggertsson á Skriðuklaustri, Magnús Óskars-son á Hvanneyri með 3 þýzka kalsérfræðinga.  
22. júní. Dr. Sturla Friðriksson með svonefndum Surtseyjarhópi bandaríkskra grasafræðinga.  
18. júlí. Jóhannes Stefánsson forseti bæjrastjórnar Neskaupstaðar og Björn Velle verkfræðingur frá Oslo ásamt frúm.  
19. " Rotaryklúbbur Neskaupstaðar.  
19. " Mikael Bonnier blaðamaður frá ~~XXXXXX~~ Information.  
27. " Guðm. Þór Pálsson arkitekt í Menntamálaráðuneytinu og Magnús Blöndal byggingaeftirlitsmaður.  
3. ágúst. Dr. Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur og kona hans.  
5. " Norðmannahópurinn, sem hér var til að ~~XXXX~~ planta.  
13. " Hákon Bjarnason skógræktarstjóri með Norðmennina Elsrud, Ödegaard, Robak, Mörkved, Oveland, Huse og Mohr ambassadør og Othar Ellingsen ræðismann.  
22. " Gunnar Finnbogason skógarvörður og Hallgrímur Indriðason frá Akureyri.

### Norðmannaheimsókn.

Dagana 4. - 15. ágúst dvaldi hér 27 manna hópur norskra plöntunarmanna undir forystu Egil Collett Aabels forstmesters í Hakadal.

Dvöl Norðmannanna hér var í öllu hagað eftir þeirri áætlun, sem um vorið hafði verið lögð fyrir Skógræktarfélag Íslands og Skógrækt ríkisins, með þeirri einu undantekningu, að aðeins var plantað 1 dag á Eyjólfss töðum í stað tveggja, sem upphaflega var ráð fyrir gert. Þann dag var plantað hér á Hallormsstað.

Telst ekki ástæða til að telja upp hér einstök atriði varðandi dvölina.

Hópurinn var mjög ánægjulegur og samstilltur. Fólkvið var yfirleitt heppið með veður og virtist hið ánægðasta.

Plöntunarstaður hér á Hallormsstað var valinn þannig, að fólkvið gæti gengið þangað, svo að ekki færi óþarflega langur tími í milliferðir.

Plöntunin gekk mjög vel, enda voru nokkrir skógræktarmenn í þessum hópi, svo að auvelt var að skipta honum niður í litlar eingar, sem hver hafði faglega leiðsögn.

Pessu var plantað:

Á Hallormsstað .....	18.575	plöntum.
Hjá 6 einstaklingum á Héraði.....	4.900	"
Á Eiðum .....	1.000	"
I Eyjólfssstaðaskógi .....	5.000	"

Alls 29.475 plöntum.

=====

### e. Ferðalög og fundahöld.

Hvort tveggja var nú minna en árið áður. Eg nefni hér hið helzta.

Dagana 28.-29. febrúar sat ég stofnfund Landverndar sem fulltrúi Skógræktarfélags Íslands.

5. mars flutti ég erindi um skógrækt með skuggamyndum í Eiðaskóla.

16.-19. mars sat ég starfsmannafund Skógræktar ríkisins í Reykjavík.

26.-28. júní sat ég aðalfund Skógræktarfélags Íslands á Akureyri.

29. ágúst til 7. sept. fékk ég leyfi Skógræktarinnar til þess að fara til Noregs til þess að sitja ráðstefnu um umhverfisránnsóknir. Ráðstefnan var haldin á Hösbjör Turisthotell við Brumunddal-dagana 1.-3. sept. Til hennar var boðað af Nordiske Jordbruksforskeres Forening (NJF). Íslandsdeild félagsins var svo elskuleg að bjóða mér til fararinnar og var hún kostuð af syrk, sem norræni menningar-málasjóðurinn hafði veitt. Auk míni sátu ráðstefnuna af Íslands hálfu Ingvi Þorsteinsson magister, formaður Íslandsdeilda NJF, Gunnar Ólafsson búfræðikandídat og dr. Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur.

Pátttakan í ráðstefnu þessari var mér ákaflega lærdómsrík, svo að ég mun lengi njóta. Ennfremur kynntist ég þar na mórgum góðum og fróðum mónum. Einn þeirra var gamall skólabróðir minn frá Ási, dr. Kristian Björn, professor við Skogforsóksvesenet á Ási, sem hér kom fyrir nokkrum árum. Hann greiddi síðan mjög götu mína þessa daga í Noregi.

Svo skemmtilega vildi til, að 2. sept. komu saman til fundar í Gjövik, hinum megin við Mjösa, flestir norsk fylkisskógræktarstjórnarir ásamt Seip skógræktarstjóra, Elsrud framkvæmdastjóra, Austin XXXXXXXX skrifstofustjóra og kunningja okkar Simen Huse bóna. Ödegaard fylkisskógræktarstjóri í Gjövik var svo elskulegur að bjóða mér að skjótast yfir um til þeirra seinni part dags 2. sept. og vera með þeim á fundinum og borða kvöldverð með þjém. Eg bektist

þetta góða boð og átti barna lærdómsríka og ógleymanlega kvöldstund í hópi norskra skógræktarmanna, sem ég þekkti mjög marga frá fyrri tíð.

Að lokinni ráðstefnunni á Hösbjör fór ég XXXXX að Ási og dvaldist þar í tæpa two daga í góðu yfirlæti. Var þetta í fyrra skipti sem mér gafst kostur á að koma að Ási, síðan ég fór þaðan fyrir 18 árum. Var nú margt breytt, en gamlir félagar og vinir voru hinir sömu. Ég bjó hjá Finn Roll-Hansen kennara mínum og vini og svo hittist á, að hann og Helga kona hans voru einmitt að leggja síðustu hönd á handritið að ritgerð sinni um Potebniamyces coniferarum og útbreiðslu hans á Íslandi. Las ég handritið gaumgæfilega yfir með þeim og leiðbeindi um íslenzka hluti.

Ég notaði tækifærið til þess að hitta XXXXXXXXX two menn á Ási, sem gáfu mér mjög mikilsverðar faglegar upplýsingar. Annar var Reidar Otto Ulleválseter, dósent í ósunarfæðum við skógræktardeild háskólangs. Hann gaf mér mikilsverðar upplýsingar um ósun og einnig um burrkun á viði eftir flettingu. Verðum við að nota okkur aðferð hans, þegar fletting verður komin eithvað í gang að gagn hjá okkur. Ég bað Jón Loftsson skógræktarstúdent um að setja sig rækilega inn í það mál hjá Ulleválseter.

Hinn var skólabróðir minn Martin Sandvik, tilraunastjóri, sem nú stjórnar öllu, sem lýtur að nýrækt skógar við tilraunastofnunina á Ási. Hann hefir sérstaklega unnið að rannsóknunum í gróðrarstöðvum og við plöntun. Það kom út úr viðræðum okkar, að hann hefir sótt um styrk til þess að koma hingað upp vikutíma í júní í vor. Geri ég mér miklar vonir um árangur af komu hans hingað, ef úr henni verður.

13. sept. flutti ég erindi um umhverfismál og náttúruvernd á stofnfundi Náttúruverndarsmtaka Austurlands. Var það eins konar niðurstaða mín af því, sem ég sá og heyrði á ráðstefnunni á Hösbjör.

14.-15. sept. fór ég í ferðalg um Suður-Múlasýslu fyrir gróðurverndarnefnd Suður-Múlasýslu. Var ferð þessi hin fróðlegasta, ekki síður fyrir mig sem skógræktarmann.

25. nóvember fór ég til Reykjavíkur á fulltrúafund Landverndar.

Hér eru að sjálfsögðu ekki taldar ferðir í Eyjólfssstaðaskógi vegna framkvæmda þar né heldur í Fljótsdal.

Hallormsstað, 14. febrúar 1971.

Sig. Blautal